

1. METRÓPOLIS - FRITZ LANG, 1927 12. SEPTEMBER KL. 14:15

## METRÓPOLIS



*TEGUND OG ÁR/Leikin mynd, 1927/LENGD: 153 MIN /LAND: ÞÝSKALAND / LEIKSTJÓRI: Fritz Lang/ÞDALHLUTVERK: Alfred Abel, Birgitte Helm, Gustave Fröliche.*

Metrópolis eftir Fritz Lang þykir vera ein af mikilvægustu verkum þýska expressjónismans, tímabils sem hófst 1918 og stóð til 1933. Hún þykir ekki síður mikilvæg í kvikmyndasögunni sjálfri og er á Memory of the World hjá Lista- og menningardeild Unesco sem listaverk á borð við verk Goethes, Schillers, Shakespeares og fleiri.

Myndin er spásögn af heimi 21. aldar þar sem yfirstéttin býr við öll þægindi í skýjakljúfaborg en lægri stéttin hefst við neðanjarðar í stöðugum þrældómi. Brátt tekur glundroðinn fyrir tilstilli brjálaðs vísindamanns og vélmennis en Fritz Lang reyndi að túlka þessa spásögn eða útópíu með ljóðrænum aðferðum sem þóttu afar sérstakar á þessum tíma.

Flestar nútíma vísindaskáldsögumyndir og tölvuleikir eru undir sterkum áhrifum frá Metrópolis, en myndin er undanfari The Matrix, Blade Runner og 2001: Space Odyssey svo einhverjar myndir séu nefndar.

2. THE GRAND BUDAPEST HOTEL - WES ANDERSON - 2014 19. SEPTEMBER  
KL. 14:10

GRAND HOTEL BUDAPEST



*TEGUND OG ÁR/Leikin mynd, 2014/LENGD: 99 MIN /LAND: ÞÝSKALAND/  
BRETLAND / LEIKSTJÓRI: Wes Anderson/AÐALHLUTVERK: Ralph Fiennes, F.  
Murray Abraham, Jude Law, Tilda Swinton*

Myndin segir frá sérstæðum hótélstjóra á frægu evrópsku hóteli á millistríðsárunum og vináttu hans við ungan starfsmann. Inn í söguna fléttast átök um fjölskylduauð, þar á meðal þjófnaði á ómetanlegu málverki og ævintýrlegan flóttu við kynlegar aðstæður.

Wes Anderson hefur mjög sérstakan stíl og má segja að kvikmyndir hans séu eins konar ríki í ríkinu. Ofanskot og vandlega miðjuð sviðsmynd er meðal höfundaeinkenna hans, auk þess sem hann leggur mikla áherslu á búninga, hárgreiðslu og leikmuni. Flestar kvikmyndir hans eru stílfærðar ádeilur og Grand Budapest Hotel er engin undantekning.

3. BATTLESHIP POTEMKIM - SERGE EISENSTEIN - 1925 26. SEPTEMBER KL.  
14: 10



*TEGUND OG ÁR/Leikin kvikmynd, 1925/LENGD: 75 MIN /LAND: SOVÉTRÍKIN/  
LEIKSTJÓRI: Sergei M. Eisenstein/AÐALHLUTVERK:Alexandr Antonov, Vladimir  
Barksy, Grigori Aleksandrov*

Sergei Eisenstein er talinn með mikilvægustu leikstjórum kvikmyndasögunnar. Hann hóf sjálfstæðan feril í kvikmyndagerð árið 1924 með Verkfallinu, en myndin er jafnframt talin marka upphaf klassíska þögla tímabilsins í sögu rússneskrar kvikmyndagerðar. Hann var beðin um að gera kvikmynd í tilefni 20 ára afmæli byltingarinnar árið 1905 og fjallar fyrsti hlutinn í Beitiskipinu Pótemkím um uppreisn um borð í einu af skipum tzarsins. Þegar Eisenstein kom til hafnarborgarinnar Odessa og sá mikilfenglegar marmaratröppurnar sem liggja niður að höfninni, ákvað hann að gerbreyta handritinu og gerði hið fræga tröppuatriði, sem er með minnisstæðustu atriðum í kvikmyndum og hefur verið endurgert ótal sinnum.

4. AMERICAN BEAUTY - SAM MENDES, 1999 - 3. OKTÓBER KL. 14:10

### AMERÍSK FEGURÐ



*TEGUND OG ÁR/Leikin kvikmynd, 1999/LENGD: 121 MIN /FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN/ LEIKSTJÓRI: Sam Mendes/AÐALHLÜTVERK: Kevin Spacey, Annette Bening, Thora Birch*

Myndin segir frá Lester Burnham, þunglyndum karlmanni í sálarkreppu sem hatar starf sitt og leiðist lífið. Hann á heima í úthverfi og eiginkona hans er metnaðargjarn fasteignasali. Lester ákveður að gera róttækar breytingar á lífi sínu þegar hann verður hrifinn af vinkonu dóttur sinnar. Við sögu kemur Rick, sonur nágrannahjóna Lesters, en hann kvikmyndar allt í kringum sig og safnar efni, en er eiturfjasali á kvöldin.

Mendes kallaði myndina "manndómsvígslu sem snýst um fangavist og flóttu úr fangelsi." American Beauty hlaut fimm Óskarsverðlaun árið 1999 og hefur haft mikil áhrif síðan hún var frumsýnd.

5. SUNSET BOULEVARD - BILLY WILDER, 1950 - 10. OKTÓBER KL. 14:10

## SUNSET BOULEVARD



*TEGUND OG ÁR/Leikin kvikmynd, 1950/LENGD: 110 MIN /FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin/ LEIKSTJÓRI: Billy Wilder/ÆDALHLUTVERK: Gloria Swanson, William Holden, Erich von Stroheim, Nancy Olson*

Sunset Boulevard segir frá ungum handritshöfundum í Hollywood sem er að reyna að slá í gegn en kemst að því að það er ekki eins auðvelt og hann hélt. Hann gerist leigupenni hjá löngu gleymdri stjórnunni úr þöglu myndunum sem ákveður að stíga fram á sviðið á nýjan leik, en samskipti þeirra enda með ósköpum.

Myndin er með frægustu rökkurmyndum (film noir) sem hafa verið gerðar, en sú tegund kvikmynda leit dagsins ljós í Bandaríkjunum á fimmta áratugnum. Margar þessara kvikmynda voru byggðar á leynilögreglusögum eftir Dashiell Hammett, Raymond Chandler og Patriciu Highsmith en Frakkar dáðust mikið að þessum höfundum og voru verk þeirra þýdd og gefin út í bókaflökki sem var kölluð Svarta serían. Heitið Film noir, sem í bókstafsmerkingu þýðir "svartar myndir", er því dregið af nafni þessa bókaflökks og jafnframt vegna hinna frægu rökkuratriða sem einkenna þessar kvikmyndir.

6. TIMBUKTU - ABDERRAHMANE SISSADOU, 2014 - 17. OKTÓBER KL. 14:10



*TEGUND OG ÁR/Leikin kvikmynd, 2014/LENGD: 96 MIN /LAND: Frakkland og Míritaníal LEIKSTJÓRI: Abderrahmane Sissako/AÐALHLUTVERK: Abel Jafri, Hichem Yacoubi, Toulou Kiki*

Í Timbuktú segir frá friðsömum múslímum sem þurfa að búa við ógnarstjórn öfgasinnaðra jhíhadista sem hafa hernumið landið. Bannað er að spila tónlist, fara í fótbolta, syngja og skemmta sér. Sharíalög eru í gildi. Kidane býr fyrir utan bæinn ásamt fjölskyldu sinni. Dag nokkurn fara kýrnar hans óvart í net fiskimanns og mönnunum lendir saman með þeim afleiðingum að Kidane er handtekinn og jhíhadistarnir krefjast blóðpeninga sem nemur 40 kúm.

Myndin er byggð á hernámi jhíhadista á Mali og er tekin í suðaustur-Míritaníu. Hún var tilnefnd til Gullpálmans í Cannes, Óskarsverðlaunanna sem besta erlenda myndin, Bafta-verðlaunanna og hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga.

7. THE EXORCIST - WILLIAM FRIEDKIN, 1973 - 31, OKTÓBER KL. 14:10



*TEGUND OG ÁR/Leikin kvikmynd, hrollvekja 1973/LENGD: 121 MIN /LAND: Bandaríkin/ LEIKSTJÓRI: William Friedkin/AÐALHLUTVERK: Ellen Burstyn, Linda Blair, Max von Sydow*

The Exorcist segir frá leikkonunni Chris, sem vinnur við tókur á kvikmynd í Washington D.C. Hún á 12 ára gamla dóttur, Regan, og hegðun hennar tekur skyndilegum breytingum. Ungur prestur í háskóla skammt frá þarf að taka erfiða ákvörðun til að hjálpa veikri móður sinni og verður það til þess að hann fer að efast um trú sína. Chris leitar til prestsins þegar hún hefur reynt allt til að hjálpa dóttur sinni og hann leitar á náðir eldri prests, sem telur sig þurfa að takast á við djöfulinn sjálfan.

Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu William Peter Blatty sem kom út árið 1971, en hún segir frá bandarískum unglingi, Roland, sem var takinn vera andsetinn um miðja síðustu öld. The Exorcist er fyrir löngu orðin klassísk hrollvekja, ein sú fyrsta sinnar tegundar, sem hafði gríðarleg áhrif á kvikmyndaiðnað um víða veröld. Myndin hlaut tvenn Óskarsverðlaun.

8. HÆVNEN - SUSANNE BIER, 2010 - 7. NÓVEMBER KL. 14:10

HEFNDIN - Í BETRI HEIMI



*TEGUND OG ÁR/Leikin kvikmynd, 2010/LENGD: 115 MIN /LAND: DANMÖRK/  
LEIKSTJÓRI: Susanne Bier/AÐALHLUTVERK: Mikael Persbrandt, Trine Dyrholm  
og Markus Rygaard.*

Myndin segir frá læknum Antoni sem starfar í smábæ í Danmörku og flóttamannabúðum í Súdan. Á báðum stöðunum er hliðstæður vandi: Kúgun og einelti þótt menningarheimarnir séu ólíkir. Anton og eiginkona hans Marianne eru að skilja. Þau eiga tvo syni og sá eldri, Elias, sem er tíu ára, verður fyrir miklu einelti í skólanum.

Elias kynnist Christian, sem er nýfluttur frá Englandi eftir að móðir hans deyr úr krabbameini. Christian hefur ekki unnið úr sorginni yfir móðurmissinum og þeir Elias tengjast sterkum böndum þar sem báðir eru utangarðs. Christian kennir Elíasi hættulegan leik sem tengist hefnd, en þungamiðja myndarinnar er baráttan á milli fyrirgefningar og hefndar.

Hefndin hlaut Óskarsverðlaunin fyrir bestu erlendu myndina árið 2010.



9. VERTIGO - ALFRED HITCHCOCK, 1958 - 14. NÓVEMBER KL. 14:10



## VERTIGO

### LOFTHRÆÐSLA

*TEGUND OG ÁR/Leikin mynd, 1958/LENGD: 128 MIN /LAND: BANDARÍKIN / LEIKSTJÓRI: Alfred Hitchcock/ADALHLUTVERK: James Stewart, Kim Novak, Barbara Bel Geddes, Tom Helmore*

Vertigo eftir Hitchcock er rómantísk spennamynd, gerð eftir skáldsögu Pierre Boileau og Thomas Narcejac, "D'entre les morts", en þeir skrifuðu jafnframt skáldsöguna "Les diaboliques" sem Henri-Georges Clouzot kvikmyndaði árið 1955. Vertigo fjallar um Scottie Ferguson leynilögreglumann í San Fransisco (James Stewart) sem kemst að því á fremur óheppilegan hátt að hann þjáist af lofthræðslu. Hann sest í helgan stein en tekur að sér að njósna um Madeleine (Kim Novak), eiginkonu gamals skólafélaga. Við nánari athugun kemur í ljós að Madeleine er upptekin af furðulegum leyndarmálum sem tengjast fortíð fjölskyldu hennar og er langt frá því að vera öll þar sem hún er séð.

Vertigo er talin vera ein af best heppnuðustu myndum Hitchcock og ein af þremur bestu kvikmyndum sem hafa verið gerðar samkvæmt lista British Film Institute frá 2002. Hún er með rómantískustu myndum sem Hitchcock gerði, spennan er undirliggjandi og skilar sér vel með dulúðugri tónlist Bernards Hermann, auk þess sem hún kemur fram í sérlega vel heppnaðri kvikmyndatöku og frásagnaraðferð sem hafði mikil áhrif á kvikmyndagerð fram á þennan dag.

10. THE QUEEN - STEPHEN FREARS, 2006 - 21. NÓVEMBER KL. 14:10

## DROTTNINGIN



*TEGUND OG ÁR /Leikin mynd, 2006/LENGD: 103 MIN /LAND: BRETLAND/  
LEIKSTJÓRI: Stephen Frears /AÐALHLUTVERK: Helen Mirren, Michael Sheen,  
James Cromwell*

Þegar fréttir af dauða Dönu prinsessu skóku heimsbyggðina og sérstaklega bresku þjóðina dró hennar hátign Elísabet II drottning sig til hlés ásamt fjölskyldu sinni innan veggja Balmore kastala, ófær um að skilja viðbrögð almennings við þessum harmleik. Fyrir Tony Blair, vinsælan og nýkjörinn forsætisráðherra, var þörf almennings fyrir huggun og stuðning frá leiðtogum sínum augljós. Á meðan tilfinningaflóðið jókst með hverjum deginum, fann Blair sig knúinn til að finna leið fyrir hina ástkæru drottningu að ná tengslum aftur við bresku þjóðina.

The Queen var valinn sem opnunarmyndin á kvikmyndahátíðinni í Fenejum og vann til þriggja verðlauna, þ.á.m. var Helen Mirren valin besta leikkona í aðalhlutverki fyrir túlkun sína á Elísabetu II drottningu.

11. LE TOUT NOUVEAU TESTAMENT/ GLÆNÝJA TESTAMENTIÐ - JACO VAN DORMAEL, 2015 -28. NÓVEMBER KL. 14:15



*TEGUND OG ÁR/Leikin mynd, fantasía, 2015/LENGD: 113 MIN /LAND: BELGÍA / LEIKSTJÓRI: Jaco Van Dormael/ÁDALHLUTVERK: Benoît Poelvoorde, Catherine Deneuve, Francois Damiens*

Í þessari skemmtilegu og hugmyndaríku mynd er sköpunarsögunni snúið við. Guð er til og býr í Brussel; hann er giftur vitgrannri gyðju og á dóttur sem er staðráðin í að koma hlutunum í lag og bjarga heiminum. Hún fer að heiman til að finna sex postula sem allir hafa eitt sérkenni. Einn þeirra er glæsileg en óhamingjusöm ung kona með gervihandlegg, annar þeirra er ungur drengur sem á í baráttu við erfiðan sjúkdóm og enn annar er haldinn andfélagslegri persónuleikaröskun en breytist þegar hann kynnist ástinni.

Myndin var sýnd á Directors' Fortnight á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2015 og vakti mikla athygli fyrir einstæða kvikmyndatöku og skemmtilegt handrit. Myndin er að hluta tekin á Íslandi en stílbrögðin minna á myndir Wes Anderson og Jean-Pierre Jeunet sem gerði myndina um Amélie.

Verkefnastjórn: Oddný Sen  
oddnysen@gmail.com

## JÓLAFRÍ

1. 8 ½ FEDERICO FELLINI - 1963 - 16. JANÚAR KL. 14:10
2. THREE COLORS: WHITE - KRZYSZOF KIESLOWSKI, 1994- 23. JANÚAR KL. 14:10
3. BARRY LYNDON - STANLEY KUBRICK, 1975 - 30. JANÚAR KL. 14:10
4. AFTER HOURS - MARTIN SCORSESE, 1985 - 6. FEBRÚAR KL. 14:10
5. THE THIRD MAN - CAROL REED, 1949 - 13. FEBRÚAR KL. 14:15
6. BLADE RUNNER - RIDLEY SCOTT, 1982 - 6. MARS KL. 14:15
7. FESTEN - THOMAS VINTERBERG, 1998 - 13. MARS KL. 14:15
8. GIRL WITH A PEARL EARRING, PETER WEBBER, 2003 - 20. MARS KL. 14. 15
9. IVANO DETSTVO/ÆSKA ÍVANS - ANDREI TARKOVSKY, 1962 - 27. MARS KL. 14:15
10. BIRDMAN - ALEJANDRO G. INÁRRITU - 3. APRÍL KL. 14:15
11. DJANGO UNCHAINED - QUENTIN TARANTINO, 2012 - 10. APRÍL KL. 14:15
12. HOLY SMOKE! - JANE CAMPION

